

Ársskýrsla 2015

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja



HSS


Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Umhyggja - Fagmennska - Virðing

Útgefandi: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Ritstjórn, hönnun og umbrot: Þorgils Jónsson

Efnisyfirlit

Skipurit HSS	3	Heilsugæsluselið í Vogum	18
Stjórn og stjórnendur	4	Sjúkrahús.....	19
Forstjóri og framkvæmdastjórn	4	Ljósmeðravakt	20
Forstöðumenn	4	Fæðingadeild	20
Starfsmannahald	5	Dagdeild F-deildar	20
Ársreikningur	6	D-deild - sjúkradeild	21
Lykiltölur úr starfsemi HSS 2015.....	7	Legur og þjónustuflokkar	21
Íbúafjöldi á þjónustusvæði HSS	8	Aldur legusjúklinga.....	22
Starfsemi heilsugæslu 2013-2015	9	Víðihlið	23
Starfsemi sjúkrahús 2013-2015	10	Legur	23
Heilsugæsla.....	11	Aldur sjúklinga	23
Þjónusta heilsugæslulækna	12	Stoðdeildir.....	24
Sérfræðilæknar	12	Speglanir og smáaðgerðir	24
Slysa- og bráðamóttaka	13	Sjúkraþjálfun	24
Læknavakt	13	Rannsóknadeild.....	25
Móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkral. 14		Röntgendeild/Myndgreining.....	25
Spíró og EKG	14	Læknaritarar	26
Sykursýkismóttaka.....	14	Spjaldskrá	26
Sálfélagsleg þjónusta	15	Þjónustudeildir.....	26
Mæðravernd.....	15	Móttaka	26
Ung- og smábarnavernd	16	Eldhús og býtibúr	26
Skólaheilsugæsla	16	Innkaupadeild	26
Heilsugæsla Grindavík	17	Tölvu- og upplýsingatæknideild	26
Viðtöl heilsugæslulækna	17	Upplýsingadeild	26
Móttaka hjúkrunarfræðinga.....	17	Viðhalds- og tæknideild	27
Mæðravernd.....	18	Skrifstofa fjarreiðna og upplýsinga	27

Skipurit HSS



Samþykkt í framkvæmdastjórn HSS
29. september 2004.
Endurskoðað október 2009

Stjórn og stjórnendur

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri: Halldór Jónsson

Framkvæmdastjóri hjúkrunar: Þórunn Benediksdóttir

Framkvæmdastjóri lækninga: Fjölur Freyr Guðmundsson

Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar: Elís Reynarsson

Forstöðumenn

Sjúkradeild

Bryndís Sævarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
Sigurður Árnason yfirlæknir

Heimahjúkrun

Margrét Blöndal deildarstjóri
Sigurður Árnason yfirlæknir

Víðihlið hjúkrunardeild

Ingibjörg Þórðardóttir deildarstjóri
Fjölur Freyr Guðmundsson

Rannsóknarstofa

Sigurlaug N. Práinsdóttir yfirlífeindafræðingur

Röntgendeild

Jórunn Garðarsdóttir yfirgeislafræðingur

Lyfjabúr

Svavar Jóhannesson lyfjafræðingur

Læknaritarar

Ásdís M. Sigurðardóttir deildarstjóri

Afgreiðsla og móttaka

Ástríður Sigþórsdóttir deildarstjóri

Sjúkraþjálfun

Sara Guðmundsdóttir yfirsjúkraþjálfari

Eldhús og býtibúr

Sigríður Magnúsdóttir yfirmatráður

Innkaupadeild

Kristjana Bergsteinsdóttir innkaupastjóri

Starfsmannastjóri

Bjarnfríður Bjarnadóttir starfsmannastjóri

Tölvu- og upplýsingatæknideild

Agnar Guðmundsson forstöðumaður

Upplýsingadeild

Þorgils Jónsson sérfræðingur

Eignir og viðhald

Hermann Ólason deildarstjóri

Heilsugæslustöð Reykjanesbæ

Snorri Björnsson yfirlæknir

Slysa- og bráðamóttaka

Íris Kristjánsdóttir deildarstjóri
Guðný Birna Guðmundsdóttir deildarstjóri

Ungbarnavernd

Guðrún Guðmundsdóttir deildarstjóri

Ljósmeðravakt

Jónína Birgisdóttir deildarstjóri

Skólahjúkrun

Íris Dröfn Björnsdóttir deildarstjóri
Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir deildarstjóri frá 1/9

Sálfélagsleg þjónusta

Margrét Gestsdóttir teymisstjóri Geðteymis
Íris Stefánsdóttir teymisstjóri FMTB frá 24/8

Heilsugæslustöð Grindavík

Laufey Birgisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
Snorri Björnsson yfirlæknir

Starfsmannahald

Í heildina störfuðu 366 einstaklingar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja árið 2015 í 176,9 stöðugildum.

Það er nokkru minna en árið 2014 þegar 377 eintaklingar voru um 182,5 stöðugildi.

Þegar litið er til starfsstétta sést að flest stöðugildi voru meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, eða 51,4 stöðugildi.

Starfsflokkun	Raunst.g.	Einstakl.
Hjúkrunarfr/ljósm.	51,4	84
Sjúkraliðar	43,7	85
Klínískar aðstoðarstéttir	26,3	59
Aðrir	23,9	39
Læknar	20,0	71
Aðrar klínískar fagstéttir	11,7	33
Samtals stöðugildi á HSS	176,9	366

Stöðugildi HSS 2015					
Heilsugæsla Keflavík		Legudeild	Rannsóknarstofa		
Læknar	13,5	Læknar	2,2	Alls	3,2
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	3,5	Hjúkrunarfræðingar	18,0	Röntgendeild	
Sjúkraliðar	1,6	Sjúkraliðar	23,1	Alls	2,9
Aðrir	0,0	Aðrir	0,6	Læknaritarar	
Alls	18,6	Alls	43,9	Alls	4,8
Heilsugæsla Grindavík		Víðihlíð		Eldhús	
Læknar	1,1	Læknar	0,1	Alls	12,3
Hjúkrunarfræðingar	2,0	Hjúkrunarfræðingar	1,8	Innkaupadeild	
Sjúkraliðar	0,4	Sjúkraliðar	10,2	Alls	1,9
Aðrir	1,1	Aðrir	8,5	Móttaka	
Alls	4,64	Eldhús og ræsting	1,7	Alls	7,2
Heimahjúkrun		Alls	22,3	Skrifstofa	
Læknar	0,2	Ljósmæðravakt		Alls	5,8
Hjúkrunarfræðingar	5,1	Læknar	0,3	Tölvudeild	
Sjúkraliðar	6,8	Ljósmæður	6,2	Alls	1,4
Aðrir	0,0	Alls	6,5	Umsjón fasteigna	
Alls	12,18	Sálfélagsleg þjónusta		Alls	1,0
Slysa- og bráðamóttaka		Læknar	0,5	Framkvæmdastjórn	
Læknar	0,8	Hjúkrunarfræðingar	1,0	Alls	4,6
Hjúkrunarfræðingar	4,8	Sálfræðingar	4,7	Stöðugildi á HSS alls	
Sjúkraliðar	0,2	Alls	6,2	176,9	
Aðrir	0,6	Sjúkraþjálfun			
Alls	6,3	Sjúkraliðar	0,7		
Ungbarnavernd		Sjúkraþjálfar	1,8		
Læknar	0,5	Alls	2,5		
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	3,3	Skólaheilsugæsla			
Sjúkraliðar	0,5	Alls	4,2		
Alls	4,3				

Ársreikningur

Ársreikningur 2015

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2015</u>	<u>2014</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	246.696.818	203.884.801	169.500.000
Gjöld samtals.....	2.481.166.219	2.214.526.676	2.385.300.000
Framlag úr ríkissjóði.....	2.215.800.000	2.036.238.080	2.215.800.000
Hagnaður/tap ársins.....	-18.669.401	25.596.205	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	112.633.416	92.837.269	
Skuldir samtals.....	171.790.884	133.325.336	
Höfuðstóll í árslok.....	-65.199.944	-46.530.543	
Annað eigið fé.....	6.042.476	6.042.476	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-61.480.227	-44.994.356	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

01.04.2016

Lykiltölur úr starfsemi HSS 2015

Árið 2015 þáðu alls 21.387 einstaklingar þjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.



Það er eilítil fækkun frá fyrra ári. Hins vegar fjölgaði bæði viðtölum og símtölum á heilsugæslu HSS milli ára.

Á sjúkrasviði fækkaði legudögum á D-deild en starfsemi í Víðihlíð var svipuð milli ára. Fæðingum fækkaði á ljósmæðravakt HSS.

- **Heildarsamskiptum á heilsugæslu fækkaði lítillega milli ára, úr 103.565 niður í 101.421. Viðtölum fjölgaði hins vegar úr 63.216 í 66.231.**
- **Viðtölum lækna á dagvinnutíma fjölgaði úr 11.136 upp í 12.286.**
- **Komum á læknavakt HSS fjölgaði milli ára úr 19.330 í tæplega 21.000.**
- **Samskiptum á slysa- og bráðamóttöku fjölgaði úr 11.429 upp í 12.241.**
- **Viðtölum á hjúkrunarmóttöku í Keflavík fjölgaði lítillega, úr 5.894 upp í 6.099.**
- **Samskiptum í sykursýkismóttöku fjölgaði úr 2.452 í 3.279.**
- **Samskiptum í sálfélaglegri þjónustu fjölgaði úr 6.154 upp í 6.367.**
- **Vitjunum í heimahjúkrun fjölgaði lítillega milli ára, úr 28.064 upp í 29.248.**
- **Á heilsugæslunni í Grindavík fjölgaði samskiptum, bæði hjá læknum, úr 2.498 upp í 2.640, og hjá hjúkrunarfræðingum þar sem þau fóru úr 1.553 upp í 1.859.**
- **Komum til lækna í Vogum fækkaði úr 245 í 213.**
- **Heildarlegudögum á sjúkrahússviði fækkaði úr 16.693 í 16.061 árið 2015.**
- **Legudögum á D-deild fækkaði úr 9.472 niður í 8.841. Hvíldarlegudögum fjölgaði hinsvegar gríðarlega milli ára, úr 1.065 upp í 2.384.**
- **Fæðingum á ljósmæðravakt fækkaði úr 104 í 82 árið 2015.**

Íbúafjöldi á þjónustusvæði HSS

Í upphafi árs 2015 voru íbúar á þjónustusvæði HSS alls 22.026, sem er fjölgun upp á 2,2% frá fyrra ári. Þetta er annað árið í röð sem íbúum á Suðurnesjum fjölga eftir stöðnun fyrri ára.




Starfsemi heilsugæslu 2013-2015

Heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			Breyting %
	2015	2014	2013	2013-2015
Viðtöl	66.226	63.216	67.242	-2%
Símtöl	28.945	26.953	26.119	11%
Vitjanir*	933	922	26.290	-96%
Færslur án samskipta	8.083	10.668	6.547	23%
Annað*	636	1.806	13.561	-95%
<i>Alls</i>	104.823	103.565	139.759	-25%
Læknaþjónusta á heilsugæslu				
Viðtöl lækna á dagvinnutíma	12.285	11.208	16.439	-25%
Símtöl á dagvinnutíma	14.682	12.828	15.050	-2%
Viðtöl á læknavakt - síðdegi og helgar	20.990	19.330	19.220	9%
Móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða				
Viðtöl	7.530	7.132	7.987	-6%
Símtöl	6.544	7.122	5.344	22%
Slysa- og bráðamóttaka				
Veikindi	6.174	5.624	2.922	111%
Slys	4.083	3.890	5.306	-23%
Símtöl	817	979	639	28%
Endurkomur	967	813	135	616%
Vottorð	87	47	17	412%
Vitjanir	31	27	22	41%
<i>Alls</i>	12.159	11.380	9.041	34%
Mæðravernd				
Viðtöl	2.578	2.591	2.709	-5%
Fjöldi kvenna	461	491	481	-4%
Ung- og smábarnavernd				
Viðtöl	4.317	4.290	4.187	3%
Vitjanir	794	838	722	10%
Heimahjúkrun				
Vitjanir	29.304	28.071	24.787	18%
Fjöldi skjólstæðinga	366	460	382	-4%
Sálfélagsleg þjónusta				
Viðtöl	2.012	2.396	2.237	-10%
Símtöl	2.704	2.319	2.294	18%
Hóptímar - komur	170	104	92	85%
Sykursýkisteymi				
Viðtöl	1.124	1.125	1.145	-2%
Fjöldi sjúklinga	645	606	521	24%
*Samdráttur í „Annað“ og „Vitjanir“ er vegna breytinga á talningarfyrikomulagi í kerfum.				



Starfsemi sjúkrahús 2013-2015

Sjúkradeildir	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			Breyting %
	2015	2014	2013	2013-2015
Fjöldi sjúkrarúma	63	68	72	-13%
Fjöldi dvala á legudeildum	1.158	1.226	1.104	5%
Fjöldi legudaga	16.061	16.693	18.067	-11%
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	44,2	45,7	49,7	-11%
D-deild - legudeild				
Fjöldi dvala	816	798	715	14%
Fjöldi legudaga	8.841	9.472	11.236	-21%
Meðalfjöldi legudaga	18,4	20,2	23,8	-22%
Meðalnýting rýma	79%	74%	83%	
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	24,4	26,0	31,0	-21%
Dagdeild	924	1.326	1.387	-33%
F-deild fæðinga- og kvensjúkdómadeild				
Fjöldi fæðinga	82	104	84	-2%
Fjöldi dvala	306	391	353	-13%
Fjöldi legudaga	494	563	482	2%
Meðalfjöldi legudaga	1,7	1,6	1,6	13%
Meðalnýting rýma	34%	37%	33%	
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	1,4	1,5	1,3	8%
Dagdeild	1.472	1.450	1.191	24%
Víðihlíð - hjúkrunarheimili				
Fjöldi dvala	36	37	36	0%
Fjöldi legudaga	6.726	6.659	6.348	6%
Rúmanýting	92%	91%	70%	32%
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	18,4	18,2	17,4	6%
Röntgendeild				
Fjöldi rannsókna	5.776	5.558	6.042	-4%
Fjöldi sjúklingas	4.327	4.259	4.690	-8%
Rannsóknadeild				
Fjöldi rannsókna	88.174	90.144	93.532	-6%
Fjöldi sjúklinga	16.087	17.699	18.170	-11%
Sjúkraþjálfun				
Fjöldi meðferða	2.277	1.969	2.212	3%
Fjöldi ferliverka	282	398	583	-52%
Speglanir				
Magaspeglanir	173	158	235	-26%
Ristilspeglanir	233	215	232	0%
Kvensjúkdómalækningar	25	59	65	-62%
Smáaðgerðir				
Fjöldi aðgerða	80	89	94	-15%


Heilsugæsla



Þjónusta heilsugæslulækna




Sérfræðilæknar



Slysa- og bráðamóttaka


Slysa- og bráðamóttaka HSS er opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þar er slösuðum og bráðveikum sjúklingum sinnt.

Þjónustan felst í bráðameðferð bæði vegna veikinda og slysa. Þar fara fram lífsmarkamælingar, lyfjagjafir og ýmsar skyndirannsóknir. Sár eru meðhöndluð og gips sett á fót- og handleggsbrot. Mat á ástandi sjúklinga er sífellt og starfsfólk slysa- og bráðamóttöku eru mikilvægir hlekkir í endurlífgun innan HSS og utan. Slysa- og bráðamóttaka sinnir brotaendurkomu og fylgir eftir meðferð þeirra sem þurfa á því að halda til lengri eða skemmri tíma í samvinnu við göngudeild HSS og heilsugæslu.



Læknavakt


Læknavakt utan dagvinnutíma er opin frá kl. 16:00 – 20:00 alla virka daga og frá kl. 10:00 – 13:00 og 17:00 – 19:00 á helgidögum og um helgar.




Móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða

Almenn móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00.

Helstu ástæður komu til hjúkrunarfræðings og sjúkraliða eru blóðþrýstingseftirlit, bólusetningar, sprautugjafir, sárameðferð, saumataka, ýmis fræðsla og ráðgjöf, ferðamanna- og inflúensubólusetningar, símaráðgjöf, endurnýjun lyfseðla, öndunarpróf (spíró), hjartalínurit (EKG) og heyrnarvernd. Hjúkrunarfræðingar hjúkrunarmóttöku vinna einnig að ýmsum ferlum er snúa að heilsuvernd starfsmanna og skjólstæðinga HSS sem einn lið í því að efla þjónustu við Suðurnesjabúa.




Spíró og EKG



Sykursýkismóttaka


Unnið er í sykursýkismóttöku samkvæmt klínískum leiðbeiningum Landlæknis. Skjólstæðingar hitta lækni og hjúkrunarfræðing reglulega og öllum er boðið viðtal við næringarráðgjafa.



Sálfélagsleg þjónusta


Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru starfrækt tvö teymi sem sinna sálfélagslegri þjónustu fyrir íbúa allra sveitarfélaga Suðurnesja, geðteymi og forvarnar- og meðferðarteymi barna, sem starfa eftir stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í geðheilbrigðismálum.

Teymin sinna greiningu og meðferð á algengustu geðröskunum á heilsugæslustigi ásamt því að veita meðferð og rágjöf við verðandi og nýbakaða foreldra og þá sér í lagi mæður. Geðteymið sinnir fólki 18 ára og eldri og FMTB sinnir foreldrum og börnum upp að 18 ára.




Mæðravernd

Ljósmaður á ljósmaðravakt HSS sinna mæðravernd á heilsugæslu.




Ung- og smábarnavernd

Markmið ung- og smábarnaverndar er að fylgjast með vexti og þroska barna frá fæðingu til 6 ára aldurs. Skoðanir eru framkvæmdar við 6 og 9 vikna aldur og við 3ja, 5, 6, 8, 10, 12 og 18 mánaða aldur. Proskamat fer fram við 2 ½ árs og 4 ára aldur ásamt læknisskoðun. Börnin eru bólusett samkvæmt leiðbeiningum Landlæknisembættisins



Heimahjúkrun

Heimahjúkrun á HSS þjónar öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Markmið heimahjúkrunar er að gera einstaklingum, sem þurfa á hjúkrun að halda, kleift að búa sem lengst heima við sem bestar aðstæður. Góð samvinna og markviss teymisvinna á sér stað milli heimahjúkrunar og sjúkradeildar HSS. Því verður öll meðferð, s.s. verkjastilling, einkenna- og líkarmeðferð, endurhæfing, lyfjaendurnýjanir, þannig hnitmiðaðri. Einnig er góð samvinna við félagsþjónustu allra sveitafélaganna á Suðurnesjum sem og við aðrar heilbrigðisstofnanir.



Skólaheilsugæsla

Allir grunnskólar á Suðurnesjum eru í umsjá skólaheilsugæslunnar á HSS, alls níu skólar. Starfssvæði skólaheilsugæslu HSS er nokkuð dreift þar sem langt er á milli skólanna.


Meginstörf skólaheilsugæslu felast í forvörnum í formi fræðslu, reglubundnu eftirliti með líkamlegri og andlegri heilsu barna og ónæmisaðgerðum. Hjúkrunarfræðingar veita einnig heilbrigðisfræðslu til foreldra og starfsfólks skólanna ásamt því að sinna slysum og veikindum sem upp koma á skólatíma. Hjúkrunarfræðingar sinna einnig nemendum með langvinna sjúkdóma og fötlun.

Heilsugæsla Grindavík


Heilsugæslustöðin í Grindavík er hluti af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og er opin alla virka daga frá kl. 8 til 16. Vaktþjónusta lækna er sameiginleg HSS í Reykjanesbæ eftir kl.16.

Þjónusta sem stendur skjólstaðingum til boða er m.a. almenn lækna- og hjúkrunarmóttaka, mæðravernd, ungbarnavernd, skólaheilsugæsla, og ónæmisaðgerðir. Auk þess eru blóðprufur teknar tvisvar í viku.


Viðtöl heilsugæslulækna



Móttaka hjúkrunarfræðinga




Mæðravernd




Heilsugæsluselið í Vogum

Á heilsugæsluselinu í Vogum er boðið upp á lækniþjónustu hálfan dag í viku.



Sjúkrahús

Undir sjúkrahússvið HSS falla þrjár legudeildir; D-deild sem er sjúkradeild í Reykjanesbæ, Ljósmeðravaktin sem sinnir mæðravernd og fæðingaþjónustu og Víðihlíð í Grindavík sem er hjúkrunarheimili aldraðra.




Ljósmeðravakt

Á ljósmeðravakt HSS starfa ljósmeður allan sólarhringinn og sinna konum og fjölskyldum þeirra í barneignaferlinu.



Ljósmeðravaktin hefur fjölþætt hlutverk og er miðstöð fyrir meðgönguvernd, fæðingarþjónustu, sængurlegu ásamt göngudeildarþjónustu bæði fyrir og eftir fæðingu.

Ljósmeðravaktin er D fæðingarstaður þar sem heilbrigðar konur sem hafa enga þekktu áhættuþætti geta fætt. Á meðgöngu eru konur skimaðar fyrir áhættuþáttum og fyrir vandamálum sem gætu komið upp á meðgöngu eða fæðingu.



Fæðingadeild


Á ljósmeðravakt HSS fæddust 82 börn árið 2015. Það er nokkur fækkun frá fyrra ári þegar 104 börn komu þar í heiminn.



Dagdeild F-deildar

Ljósmeður sinna göngudeildarþjónustu allan sólarhringinn.

Helstu ástæður eru samdrættir á meðgöngu, minnkaðar hreyfingar fósturs, blæðingar, verkir, nálastungur og vandamál tengd brjóstgjöf. Barnalæknar skoða börnin eftir fæðingu á ljósmeðravaktinni. Hluti af af börnum sem fæðast á LSH eru einnig skoðuð á ljósmeðravakt.



D-deild - sjúkradeild


Starfsemi D-deildar HSS er umfangsmikil og mjög fjölbreytt. Deildin er blönduð lyf-, hand-, hjúkrunar- og endurhæfingardeild með 31 legurými.

Við deildina starfa reyndir hjúkrunarfræðingar á ýmsum sviðum og sjúkraliðar ásamt læknum með undirsérgreinar, s.s. í lungna-, hjarta-, meltingarfæra-, innkirtla-, lyf- og krabbameinslækningum ásamt sérfræðingi í almennum skurðlækningum.


Öflug dagdeildarþjónusta er starfrækt innan deildarinnar. Þar er einkum um að ræða krabbameinslyfjagjafir, blóðgjafir og sýklalyfjagjafir.

Í tengslum við deildina framkvæmdar smáaðgerðir á skurðstofu sem gerðar eru í staðdeygingu. Þar eru einnig framkvæmdar berkju-, maga-, ristil- og blóðruspeglanir.


Legur og þjónustuflokkar




Legutími



Aldur legusjúklinga



Dagdeild D-deildar




Víðihlíð

Í Víðihlíð í Grindavík rekur HSS hjúkrunardeild fyrir aldraða og er þar pláss fyrir 20 skjólstæðinga í tíu einbýlisrymum og fimm tvíbýlum.


Legur

Legudögum hefur fjölgað eilítið á síðustu árum og meðaldvöl er svipuð og verið hefur.



Aldur sjúklinga


Meirihluti vistfólks á Víðihlíð árið 2015 var 75 ára eða eldri.



Stoðdeildir


Speglanir og smáaðgerðir

Læknar á HSS framkvæma speglanir og ýmis konar smáaðgerðir í tengslum við D-deild.



Sjúkraþjálfun


Starfsemi sjúkraþjálfunar fer fram alla virka daga frá 8-16. Sjúkraþjálfarar hafa sinnt sjúkradeild HSS auk þess að vera með göngudeild fyrir 1. stigs hjartaendurhæfingu, hreyfiseðlagerð og þjónustu við Víðihlíð.



Rannsóknadeild

Allar almennar blóðrannsóknir, þvagskoðanir og almennar sýklarannsóknir eru gerðar á rannsóknadeild HSS.


Rannsóknadeildin er opin alla virka daga frá kl. 8 - 15.30. Utan þess er vaktþjónusta til miðnættis alla daga vikunnar. Rannsóknadeildin er einnig með starfsemi á heilsugæslunni í Grindavík tvisvar í viku.



Röntgendeild/Myndgreining

Röntgendeild HSS sinnir öllum almennum röntgen- og tölvusneiðmyndarannsóknum.

Deildin er opin alla daga ársins, frá kl. 8 til 15:30 á vikrum dögum og með vaktþjónustu til miðnættis alla daga vikunnar.



Læknaritarar

Læknaritarar skrá inn í sjúkraskrárkerfið samskipti lækna og skjólstæðinga, setja inn speglunarlýsingar og aðrar smærri ambulánt aðgerðir frá skurðstofu, slysa- og bráðamóttökunótur, inn- og útskriftanótur sjúklinga af legudeild, ganga frá útskriftum og loka lotum.

Læknaritarar skrifa röntgen- og tölvusneiðmyndasvör og hvers konar læknisfræðilegar skýrslur, bréf og vottorð varðandi sjúkdóma, slysa og aðgerðir. Þá sjá þeir um lyfjaendurnýjanir á rafrænu formi og senda áfram á lækni. Þeir flokka allan rafrænan póst sem berst til stofnunarinnar og áframsenda á viðeigandi aðila.

Spjaldskrá

Starfsemin felst einkum í að finna til og ganga frá sjúkraskýrslum á pappírformi, þegar um þær er beðið. Einnig að flokka bréfpóst. Á árinu 2011 byrjuðu spjaldskrárritarar að skanna inn í SÖGU gamlar sjúkraskrár skjólstæðinga HSS og er fer mestur tími spjaldskrárritara í þá vinnu í dag.

Þjónustudeildir

Móttaka

Aðalstarf móttökuritarara felst í að leiðbeina og þjónusta skjólstæðinga stofnunarinnar, sjá um tímabókanir, taka við greiðslu gjaldskyldrar þjónustu, sjá um uppgjör í lok hverrar vaktar og taka saman bankagreiðslur úr kerfinu. Einnig að sinna allri símaþjónustu stofnunarinnar, sjá um útköll starfsfólks, skilaboð og spjaldskrá utan dagvinnutíma.

Eldhús og býtibúr

Í eldhúsi HSS er útbúinn matur fyrir sjúklinga og starfsfólk í Reykjanesbæ og Víðihlíð. Þá sér mötuneytið um að útbúa fundarkaffi og meðlæti fyrir ýmsa viðburði á vegum stofnunarinnar.

Innkaupadeild

Innkaupadeild þjónar öllum deildum HSS og sér um innkaup á öllum hjúkrunar-, rannsóknar-, ræstinga-, skrifstofu-, einnota eldhús- og línvörum, tækjum og almennum rekstrarvörum fyrir stofnunina. Innkaupadeild þjónar 40 deildum.

Innkaupadeild hefur umsjón og eftirlit með ræstingu og þvotti fyrir HSS, en bæði eru unnin af verktökum.

Tölvu- og upplýsingatæknideild

Tölvudeildin sér um öll samskipti við notendur, sér um innviði tölvukerfisins og ber ábyrgð á að allir miðlarar og hugbúnaður séu í viðunandi ásigkomulagi. Tölvukerfið er hefðbundið með netþjónum og útstöðvum. Netþjónarnir eru í afar öruggu kældu umhverfi og mikil áhersla lögð á öryggismál og almennt tölvuöryggi í notkun útstöðva.

Upplýsingadeild

Upplýsingadeild hefur umsjón með sjúklingaupplýsingakerfum stofnunarinnar, úrvinnslu gagna og heilbrigðisupplýsinga. Einnig hefur deildin umsjón með rafrænni sjúkraskrá og samþættingu skráningar.

Gæðastjórn skráningar heyrir undir upplýsingadeild en hlutverk gæðastjórnunar er m.a. að meta gæði gagna, leiðbeina notendum og vera tengiliður stofnunarinnar við hina miðlægu þjónustueiningu Embættis landlæknis. Ársskýrsla stofnunarinnar heyrir einnig undir deildina sem innri og ytri vefsíður HSS.

Viðhalds- og tæknideild

Starfsvæði eigna- og viðhaldsdeildar nær yfir allt starfsvæði HSS, þ.e. í Reykjanesbæ, Víðihlíð í Grindavík og heilsugæslustöðina í Grindavík og Vogum. Undir starfsemi eigna- og viðhaldsdeildar falla ýmis verkefni t.d. viðhald og viðgerðir á húsnæði og tækjakosti stofnunarinnar og eftirlit með nýframkvæmdum og tækjakaupum.

Ríkiseignir sjá um og kosta allar nýframkvæmdir og viðhald fasteigna, einnig aðrar meiriháttar breytingar sem eru tilkomnar vegna breyttrar starfsemi.

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga fer með yfirstjórn fjármála HSS og ber ábyrgð á að upplýsingar um starfsemi og rekstur séu í samræmi við þarfir um áreiðanlega og virka upplýsingagjöf.

Meginviðfangsefni eru áætlanagerð, fjárhagsbókhald, reikningsskil, fjárstýring, innheimta krafna, starfsmannahald og launavinnsla.